

ÁHRIF REKSTRARUMHVERFIS FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á FÓLKIÐ Í LANDINU

Skýrsla unnin fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu

Júní 2026

ALMENNUR FYRIRVARI

Intellecon er sjálfstætt ráðgjafarfyrtæki. Intellecon veitir fyrirtækjum og opinberum aðilum m.a. ráðgjöf, framkvæmir rannsóknir og greiningar, semur skýrslur og leggur fram tillögur og ráðleggingar.

Niðurstöður og ályktanir eru Intellecon og endurspegla ekki endilega ályktanir eða skoðanir Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu og aðildarféлага þeirra.

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Íslensk fjármálafyrirtæki eru mjög lítil í alþjóðlegum samanburði og markaðurinn smár. Möguleikar til **stærðarhagkvæmni** eru því takmarkaðir en fjármálafyrirtæki hafa náð góðum árangri í hagræðingu m.a. með sjálfvirknivæðingu og stafrænum lausnum.

Engu að síður er **fjármálamarkaður virkur**, hreyfanleiki viðskiptavina er mikill miðað við samanburðarlönd og traust til viðskiptabanka og tryggingafélaga mælist vaxandi.

Eignarhlutur almennings í bankakerfinu er stór, með óbeinum hætti í gegnum ríkissjóð og dreift eignarhald lífeyrissjóðanna sem og með beinum hætti.

Boðaðar skattahækkningar á fjármálafyrirtæki myndu bætast við þá **sérstöku skattlagningu** sem þegar er til staðar, **auk annarra byrða** sem eru verulega meiri en gerist og gengur í nágrannalöndum okkar.

Ekki verður annað séð en að aukin skattheimta kunni að lenda á viðskiptavinum og/ eigendum bankanna með einum eða öðrum hætti.

Ætla má að sérstakir skattar og álögur á fjármálafyrirtæki geti kostað almenna lántakendur með 50 milljóna króna húsnæðislán um **304 þús. kr.** á ári, ef þær forsendur eru gefnar, að áhrifin leggist öll á viðskiptavinum bankanna. Hvert og eitt fyrirtæki tekur þó ákvörðun á sínum forsendum óháð öðrum.

Margt er óljóst um boðaða skattlagningu. Ef hún verður af þeirri stærðargráðu sem hefur verið nefnd má gera ráð fyrir að kostnaður við 50 milljóna króna húsnæðislán kunni að aukast um allt að **66 þús. kr.** á ári, ef áhrifin lenda öll á viðskiptavininum. Á grundvelli sömu forsendna má ætla að heildarkostnaður lántakenda vegna sérstakra skatta og álagna geti numið allt að **370 þús. kr.** á ári.

Viðbótarskattlagningin kann jafnframt að hafa meiri áhrif á stöðu **fyrstu kaupenda húsnæðis** og **tekjulægri hópa** en þeirra sem standa betur fjárhagslega.

Við núverandi efnahagsástand og -horfur gengur boðuð viðbótarskattlagning **gegn margvíslegum áformum stjórnvalda** þ.m.t. um að stuðla að lækkun vaxta og vaxa út úr vandanum.



INNGANGUR

Í þessari skýrslu er sjónum beint að hugsanlegum áhrifum boðaðrar, aukinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki á **almenning í landinu**.

Rekstrarumhverfi banka og annarra fjármálastofnana ræður miklu um þau kjör sem viðskiptavinum þeirra standa til boða.

Boðuð skattahækkun leggst ofan á aðrar álögur og kröfur sem lagðar eru á íslensk fjármálafyrirtæki og fjallað var ítarlega um í [skýrslu Intellecton frá nóvember 2024](#).

Skýrslan hefst á umfjöllun um sérkenni íslensks fjármálamarkaðar og samanburði við nágrannalönd okkar. Sérstaklega er litið til stærðar fyrirtækjanna, markaðarins og eignarhalds þeirra.

Því næst er sjónum beint að eðli og áhrifum boðaðrar, aukinnar skattlagningar.

Niðurstöður þeirra útreikninga sem hér birtast ráðast af þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar.

Auknar álögur kunna m.a. að verða bornar af viðskiptavinum með einum eða öðrum hætti, m.a. fyrirtækjum og almenningi, og/eða hluthöfum fjármálafyrirtækjanna. Sú skipting getur orðið misjöfn eftir fjármálafyrirtækjum.

Til að slá mati á fjárhagsleg áhrif aukinnar skattheimtu eru birta dæmi um niðurstöður útreikninga sem sýna áhrifin á dæmigert 50 milljóna króna íbúðarlán, þ.e. ef öll áhrif hennar birtast í hærra vaxtastigi en ella.

Væri miðað við aðrar forsendur um skiptingu áhrifanna milli viðskiptavina og eigenda væru upphæðirnar aðrar. Að gefnu eignarhaldi fjármálafyrirtækjanna myndi engu að síður mikill hluti þeirra vera borinn af stórum hópi almennings.



SÉRKENNI ÍSLENSKS FJÁRMÁLAMARKAÐAR – Lítil markaður og nýir þátttakendur


Íslensk fjármálafyrirtæki eru **mjög lítil** í alþjóðlegu samhengi og markaðurinn ógnarsmár.

Möguleikar til að nýta sér **stærðarhagkvæmni** í rekstri eru takmarkaðir á sama tíma og íslensku bankarnir eiga í samkeppni við erlendar fjármálastofnanir um viðskipti við stærstu fyrirtæki landsins.

Engu að síður hafa íslensk fjármálafyrirtæki náð hagræðingu með því að nýta sér ýmsar tæknilausnir og auðvelda viðskiptavinum sínum að stunda ýmiss konar fjármálaviðskipti.

Á síðustu árum hafa **nýir aðilar** haslað sér völl í fjármálageiranum. Nú bjóða fleiri en 20 aðilar húsnaðislán auk þess sem innlendum og erlendum fyrirtækjum sem bjóða upp á greiðslumiðlun hefur fjölgað svo einhver dæmi séu nefnd.

Heildareignir evrópskra banka (þús. ma. EUR)




Heimild: EBA og ársreikningar bankanna, eigin útreikningar.

SÉRKENNI ÍSLENSKS FJÁRMÁLAMARKAÐAR – Hreyfanleiki neytenda

Tölur benda til **virkrar samkeppni** á fjármálamarkaði sem lýsir sér m.a. í því að auðvelt er að opna bankareikninga og komast í viðskipti. Algengt er að sami einstaklingur eigi reikninga í fleiri en einum banka.[1]

Hreyfanleiki neytenda mælist meiri hér á landi en annars staðar í Evrópu, eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Samkvæmt könnun frá 2023 hafði tæplega helmingur viðskiptavina skipt um þjónustuveitanda fjármálaþjónustu yfir fimm ára tímabil. Á sama tíma var hlutfallið í Evrópu og Norðurlöndum innan ESB um 30% samkvæmt sambærilegri könnun. Í báðum þessum könnunum var litið til hreyfanleika viðskiptavina yfir 5 ára tímabil. Þá sýna kannanir einnig að vaxandi traust mælist meðal viðskiptavina til viðskiptabanka og tryggingafélaga.[1]

Hreyfanleiki neytenda á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis



Heimild: ESB og könnun Gallup fyrir SFF 2024.

SÉRKENNI REKSTRARUMHVERFISINS – Ríkið stærsti eigandinn

Þrátt fyrir sölu ríkisins á því sem eftir var af eignarhluta þess í Íslandsbanka er **ríkissjóður stærsti einstaki** eigandi banka á Íslandi.


Eignarhlutur ríkisins er um 40% af bankakerfinu en lífeyrissjóðir eiga tæplega 29%. Þetta þýðir að um 69% af íslenska bankakerfinu er óbeint í eigu almennings, annað hvort í gegnum ríkissjóð eða lífeyrissjóði.[2]

Einstaklingar og aðrir aðilar (t.a.m. eignarhaldsfélög og verðbréfasjóðir) eiga um þriðjung eignarhluta í bönkunum.

Erlendir aðilar eiga tæplega 4% af viðskiptabönkunum.

Almenningur, ríkissjóður og lífeyrissjóðir hafa ríka hagsmuni af heilbrigðum rekstri bankanna og að ekki séu lagðar á þá kvaðir sem eru umfram það sem viðgengst annars staðar, hvort sem er innanlands eða í alþjóðlegri samkeppni. Slíkar álögur og kvaðir rýra virði eignarinnar.

Eigendur íslenskra viðskiptabanka



■ Einstaklingar ■ Lífeyrissjóðir ■ Ríkissjóður ■ Aðrir

Heimild: Ársreikningar bankanna og eigin útreikningar.

EÐLI OG ÁHRIF FYRIRHUGAÐRAR SKATTLAGNINGAR

Stjórnvöld hafa boðað aukna skattlagningu á innlend fjármálafyrirtæki.[8] Í þeim áætlunum kemur ekki fram upphæð eða fyrirkomulag skattlagningarinnar, hver skattstofninn eigi að vera eða hvort um sé að ræða varanlega eða tímabundna skattheimtu.

Af þeim sökum er erfitt að gefa sér forsendur en úr ranni stjórnvalda hefur verið fullyrt að ríkissjóður hyggist sækja um 6 milljarða króna með ótekjutengdri og mögulega ótímabundinni skattheimtu.[11]

Þótt sú upphæð hafi ekki verið staðfest liggja aðrar tölur ekki fyrir. Við mat á áhrifum viðbótarskattlagningar á fjármálafyrirtæki verður miðað við þá upphæð í skýrslunni.

Ef um er að ræða **ótekjutengda** skatta munu þeir ekki leggjast á arðsemi eða koma til vegna ófyrirséðra búhnykkja (e. windfall tax).

Íslensk fjármálafyrirtæki greiða nú þegar **sérstaka skatta**, þ.m.t. viðbótartekjuskatt, umfram önnur fyrirtæki í landinu. Hér er því um að ræða **viðbót við viðbótarskattlagningu**.

Í þessu samhengi má rifja upp að sýnt hefur verið fram á að íslensk fjármálafyrirtæki hafa fyrir löngu greitt þann beina kostnað sem hlaut af fjármálahruginu 2008 og gott betur.[3] Sá kostnaður var forsenda þess að sértækir skattar voru settir á í upphafi.

Eins og nánar verður fjallað um síðar má ætla að fyrirhuguð skattlagning muni einungis beinast að viðskiptabönkunum en ekki öðrum innlendum eða erlendum aðilum.

Þótt ólík viðbrögð bankanna við hækkuninni muni væntanlega leiða til mismunandi áhrifa á viðskiptavinum, má ætla að áhrif fyrirhugaðrar skattheimtu kunni að birtast í hærra vaxtastigi útlána, lægra vaxtastigi innlána, skertri þjónustu og/eða lægri arðsemi viðskiptabankanna til viðbótar við þjóðhagslegt allratap af skattheimtum.




SKÝRIR MIKIL ARÐSEMI AUKNA SKATTHEIMTU?

Ætla mætti að þessi mikla skattheimta ætti sér stoð í meiri arðsemi íslenskra fjármálafyrirtækja en þekktist í þeim löndum sem við berum okkur vanalega saman við.

Arðsemi fjármálafyrirtækja, líkt og annarra fyrirtækja, sveiflast yfir tíma en ítrekaður samanburður á arðsemi sýnir fram á að hún er alla jafna lægri hér á landi en í nágrannalöndum okkar.[4]


Meðalarðsemi, reiknuð sem hagnaður fyrir skatta af eigin fé hefur oft og tíðum verið **töluvert undir arðsemi** ýmissa annarra atvinnugreina hér á landi, líkt og sjá má á meðfylgjandi mynd. Ekki verður séð af tölulegum samanburði að réttlæta megi aukna skattheimtu með því að „**ofurhagnaður**“ hafi myndast í fjármálageiranum.

Samanburður á meðalarðsemi eigin fjár



Heimild: Evrópska bankaefirlitsstofnunin (EBA)

Samanburður á arðsemi eigin fjár ólíkra atvinnugreina á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands.


Hafa bankarnir safnað fitu?

Á sama tíma og arðsemin hefur ekki verið umfram það sem gerist og gengur í hagkerfinu hefur rekstur banka breyst mikið á síðustu árum sem leitt hefur til **aukinnar framleiðni**.

Starfsfólki hefur fækkað við aukna tæknivæðingu og framleiðni vinnuaflds hefur aukist umfram það sem þekkist í öðrum greinum.

Þannig hefur mikil hagræðing átt sér stað sem hefur skilað sér í aukinni hagkvæmni í rekstri fjármálafyrirtækja.

Framleiðni vinnuaflds (vísitala, 2004=100)




KOSTNAÐUR VIÐ BANKAÞJÓNUSTU HEFUR LÆKKAÐ AÐ RAUNVIRÐI

Þá er áhugavert að skoða þróun kostnaðar við bankaþjónustu í samanburði við almenna þróun verðlags á síðustu árum.

Á síðustu árum hefur kostnaður við bankaþjónustu og þjónustu vegna greiðslukorta lækkað verulega að raunvirði. Þannig hefur raunvirði bankakostnaðar lækkað um fimmtung og kostnaður vegna greiðslukorta um fjórðung frá árinu 2018.

Þróun bankakostnaðar að raunvirði (vísitala, 2018 =100)



Heimild: Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

BANKARNIR BÚA NÚ ÞEGAR VIÐ MEIRI SKATTBYRÐI EN GENGUR OG GERIST Á ÍSLANDI


Til viðbótar við almenna skatta sem fjármálafyrirtæki greiða líkt og önnur fyrirtæki bera þau ýmsa aðra skatta og gjöld.

Þannig greiða fjármálafyrirtæki **sérstakan skatt** sem nemur **0,145%** af skattalegu bókfærðu virði skulda, umfram 50 milljarða króna, að skattskuldum fráöldum. Þessi skattur er ófrádráttarbær frá tekjuskatti.

Þá leggst **sérstakur fjársýsluskattur** upp á **6%** á tekjuskattstofn umfram einn milljarð króna og kemur þessi skattur til viðbótar við almennan tekjuskatt fyrirtækja. Þessi skattur er ákveðin útgáfa af svonefndum hvalrekaskatti (e. windfall tax).

Ekki er þó öll sagan sögð því að auki er lagður **5,5% fjársýsluskattur** ofan á allar tegundir skattskyldra launa og þóknana til viðbótar við **6,35% tryggingargjald**.

Sértækar skattgreiðslur viðskiptabankanna fjögurra 2020 - 2025 (ma. kr.).



*Sérstakur fjársýsluskattur, **Sérstakur bankaskattur og fjársýsluskattur, ***Eftirlitsgjald til FME og greiðslur um Umboðsmanns skuldara

Heimild: Ársreikningar viðskiptabankanna fjögurra

BANKARNIR BÚA NÚ ÞEGAR VIÐ MEIRI SKATTBYRÐI EN GENGUR OG GERIST Í LÖNDUNUM Í KRINGUM OKKUR

Sérstakir bankaskattar þekkjast annars staðar í Evrópu en samanburður hefur sýnt fram á margfalda sértæka skattlagningu fjármálafyrirtækja hér á landi miðað við þau lönd sem við berum okkur oft saman við.[4]

Sértækir skattar á íslensku viðskiptabankana eru þrefalt hærrí en hjá samanburðarhæfum bönkum í Noregi og Danmörku, samkvæmt nýlegri greiningu Seðlabanka Íslands. Sama greining sýndi að skattgreiðslur íslensku bankanna eru tvö- til fjórfalt hærrí en almennt gerist og gengur í Evrópu sé miðað við áhættuvegnar eignir.[5]

Í Svíþjóð er lagður sérstakur bankaskattur á stærstu bankana, en enginn íslensku bankanna myndi greiða slíkan skatt **sökum smæðar**, auk þess sem skatturinn er frádráttarbær frá tekjuskatti.

Þessu til viðbótar eru aðrar íþyngjandi álögur lagðar á fjármálafyrirtæki, s.s. **óvaxtaberandi bindiskylda** og **eiginfjárkröfur** umfram það sem þekkist víðast hvar í löndunum í kringum okkur.




FÓR LÆKKUN BANKASKATTSINS Í AUKINN HAGNAÐ BANKANNA Á SÍNUM TÍMA?

Sérstakur bankaskattur var lækkaður árið 2020 úr 0,376% í 0,145%, reiknaður af skuldum umfram 50 milljarða króna. Þá var **vaxtalaus bindiskylda þrefölduð** árin 2023 og 2024. Hún er **ígildi skattheimtu** þótt markmiðið sé annað.[6]

Samkvæmt útreikningum Seðlabanka Íslands þýddi þessi hækkun vaxtatap fyrir bankana uppá um 5,5 milljarða króna á ári. Þeim kostnaði mættu bankarnir með því að lækka vexti á völdum innlánsreikningum. Þreföldun bindiskyldunnar árin 2023 og 2024 vó því að verulegu leyti upp á móti jákvæðum áhrifum lækkunar skatts á skuldir árið 2020.[5][6]

Líkt og sjá má af myndinni hér til hliðar **lækkaði vaxtamunur** innláns- og útlánsvaxta bankanna í kjölfar lækkunar sérstaka bankaskattsins og því benda tölurnar ekki til þess að bankarnir hafi nýtt lækkunina til að auka vaxtamun.

Við þetta má bæta að samkvæmt tölum Seðlabanka Íslands árið 2023 **lækkaði vaxtaálag** á óverðtryggðum íbúðalánnum miðað við innlánsvexti og hafði ekki verið lægra frá því að bankinn fór að safna slíkum gögnum árið 2015.[7]



Heimild: Seðlabanki Íslands.

ÁHRIF AUKINNAR SKATTLAGNINGAR FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA Á FÓLKID Í LANDINU

Líkt og með aðra skatta á fyrirtæki eru skattar á fjármálafyrirtæki á endanum bornir með einum eða öðrum hætti af eigendum þeirra og/eða viðskiptavinum.

Í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga það sem áður hefur komið fram um að fjármálafyrirtæki landsins eru að stórum hluta í eigu almennings í gegnum ríkissjóð og lífeyrissjóði.

Því er ekki loku fyrir það skotið að álögur vegna aukinnar skattlagningar fjármálafyrirtækja kunní að lenda að verulegu leyti á **almenningsi í landinu** með einum eða öðrum hætti.

Í boðuðum áætlunum stjórnvalda er talað um að afla viðbótarskatttekna frá fyrirtækjum í fjármálageiranum og um leið bent á að þau borgi nú þegar sérstaka skatta á skuldir, laun og hagnað.

Af samhengi opinberrar umfjöllunar má ráða að fyrirhuguð skattahækkun muni beinast að **viðskiptabönkunum** frekar en lífeyrissjóðum eða öðrum fyrirtækjum í fjármálageiranum.

Lífeyrissjóðir búa ekki við sömu kvaðir og viðskiptabankar og um þá gilda sérstök lög. Starfsemi lífeyrissjóða er jafnframt eðlisólík bankastarfsemi og hafa lífeyrissjóðir boðið **betri kjör** á húsnæðislánum en viðskiptabankar. Um leið gera lífeyrissjóðir **meiri kröfur** til lántakenda varðandi veðhlutföll og lífeyrisgreiðslur í viðkomandi sjóð.

Samkvæmt nýlegri greiningu Seðlabankans hafa lántakendur í viðskiptabönkum að jafnaði lægri ráðstöfunartekjur en þeir sem fengið hafa lífeyrissjóðslán. Fyrstu kaupendur fasteigna uppfylla margir ekki skilyrði lífeyrissjóða um veðhlutföll og hafa því oft ekki haft sömu möguleika á lántöku hjá lífeyrissjóðum til fasteignakaupa.[10]

Að því leyti sem skattahækkunin kann að hafa áhrif á útlánsvexti gæti hún lagst, að öðru óbreyttu, með meiri þunga á **tekjulægri lántakendur** og **fyrstu kaupendur** en þá sem hafa meira á milli handanna.



DÆMI UM MÖGULEG ÁHRIF SÉRTÆKRA SKATTA Á 50 MILLJÓNA KRÓNA HÚSNÆÐISLÁN

~304.000 kr.

er sú fjárhæð á ári sem ætla má að íslenskt heimili með 50 milljóna króna húsnæðislán **greiði að jafnaði meira en ella** vegna sérstakrar skattlagningar á fjármálafyrirtæki og annarra íþyngjandi aðgerða stjórnvalda, s.s. óvaxtaberandi bindiskyldu.*

Verði af fyrirhugaðri skattahækkun, að gefnum ofangreindum forsendum, kunna að bætast við allt að

~66.000 kr.

sem hefði í för með sér að **heildarálögur eftir hækkunina** gætu orðið allt að

~370.000 kr.

**Í þessum útreikningum er gert ráð fyrir að öll áhrif aukinnar skattlagningarinnar lendi á viðskiptavinum með lán hjá bönkunum.*

Ekki er víst að áhrifin birtist í formi hærri útlánsvaxta, auk þess sem þau geta verið mismunandi milli ólíkra banka og lánategunda. Enda tekur hver aðili, sem núverandi og fyrirhugaðir skattar ná til, sjálfstæða ákvörðun, út frá sínum forsendum, um hvernig þeir haga rekstri sínum. Þá geta áhrif skattanna einnig birst í lægri arðsemi og/eða rekstrarhagræðingu, svo eitthvað sé nefnt.



ÁHRIF AUKINNAR SKATTLAGNINGAR Í NÚVERANDI EFNAHAGSÁSTANDI

Núverandi efnahagsástand einkennist af **meiri verðbólgu** en gert var ráð fyrir í áætlunum stjórnvalda. Peningamálastefnan tekur mið af þessu og meginvextir Seðlabankans hafa verið hækkaðir verulega og enn meiri hækkunir eru boðaðar ef ekki sjást skýr merki um að verðbólga fari hjaðnandi.

Á sama tíma fer **atvinnuleysi** vaxandi og **hagvaxtarhorfur** einkennast af meiri óvissu en oft áður.

Stjórnvöld hafa boðað að þau vilji stuðla að stöðugleika á sama tíma og þau vilja lækka vexti og örva hagvöxt, m.ö.o. **vaxa út úr vandanum**.^[8]

Boðuð hækkun skattlagningar á fjármálafyrirtæki gengur þvert á slík áform.

Stjórnvöld hafa ekki sett fram hvert sé markmið aukinnar skattlagningar á fjármálafyrirtæki, umfram það að afla ríkissjóði meiri tekna.

Sé ætlunin að styðja við peningamálastefnuna með því að stuðla að hærri útlánsvöxtum á fyrirtæki og almenning í landinu og lægri innlánsvöxtum gengur það gegn þeirri efnahagsstefnu sem boðuð hefur verið um að lækka vexti lána og vaxa út úr vandanum.^[8]

Áhrif boðaðrar viðbótarskattheimtu á fjármálafyrirtæki gætu einnig unnið gegn þeim stefnumiðum sem stjórnvöld settu með atvinnustefnu sinni. Þar er áhersla lögð á að viðhalda kröftugu fjárfestingarstigi og styðja við atvinnugreinar sem búa ekki við vaxtarskorður og eru með háa framleiðni.^[9] Slíkt er tæpast mögulegt nema með öflugu fjármálakerfi sem býr við öruggt og stöðugt rekstrarumhverfi.



ÍSLANDSÁLAGIÐ

Í Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið frá árinu 2018 voru nefnd þrjú atriði sem saman mynda það sem kallað hefur verið Íslandsálagið. Þessi atriði eru:

1. Lífill heimamarkaður sem dregur úr möguleikum til stærðarhagkvæmni.
2. Meiri opinberar álögur en í nágrannalöndunum.
3. Hærri eiginfjárkröfur en annars staðar í Evrópu.

Samkvæmt Hvítbókinni eru þetta atriði í ytra umhverfi bankanna sem stuðla að hærri vaxtamun en í nágrannalöndunum. Ætla má að Íslandsálagið nemi um einu prósentustigi, sem þýðir að ef sá kostnaður færist að öllu leyti á lántakendur, myndu þeir greiða að jafnaði um 1% hærri vexti af lánum sínum en ella.[4]

Með aukinni skattlagningu á fjármálafyrirtæki kann Íslandsálagið að aukast enn frekar.

TILVITNANIR

- [1] Gallup (2024) og (2026). Skoðanakannanir unnar fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu.
- [2] Ársreikningar fjármálafyrirtækjanna.
- [3] Ásgeir Jónsson og Hersir Sigurgeirsson (2016). *Kostnaður og endurheimtur ríkissjóðs af falli bankanna*. Auðfræðasetur.
- [4] Intellecton (2024). *Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi*. Skýrsla unnin fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu.
- [5] Seðlabanki Íslands (2025). *Fjármálastöðugleiki 2025/1*.
- [6] International Monetary Fund (2024). Bank Profits and Bank Taxes in the EU. *IMF Working Paper/24/143*.
- [7]. Seðlabanki Íslands (2023). *Peningamál 2023/3*.
- [8] Fjármála- og efnahagsráðuneytið (2024). *Fjármálaáætlun 2025-2029*.
- [9] Stjórnarráð Íslands (2026). *Atvinnustefna Íslands*. Forsætisráðuneytið.
- [10] Seðlabanki Íslands (2026). *Fjármálastöðugleiki 2026/1*.
- [11] <https://kratinn.is/2026/03/27/ellefu-atridi-sem-thu-tharft-ad-vita-um-nyja-fjarmalaaaetlun/>